



Vallargerðisvöllur við Kársnesskóla

Fyrirspurn Hákonar Gunnarssonar um framtíðarsýn Vallargerðisvallar

2301125


Dags. 2.2.2023

Minnisblað

Vallargerðisvöllur var fyrsti opinberi íþróttavöllur Kópavogsbúa og var notaður til íþróttaiðkana um árabíl. Hann var malarvöllur og var einnig notaður sem skautasvell á veturna. Völlurinn var endurbættur nokkrum sinnum frá því að hann var tekinn í notkun árið 1954. Í dag standa 12 færanlegar kennslustofur Kársnesskóla þar sem völlurinn stóð.

Í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 kemur fram að „*Kennt er í lausum kennslustofum á Vallargerðisvelli þangað til að nýr skóli fyrir yngsta stig og miðstig grunnskólabarna rís við Skólagerði.*“

Á aðalskipulagsuppdraetti kemur fram að landnotkun á Vallargerðisvelli er skilgreind fyrir samfélagþjónustu í appelsínugulum lit.



Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.

Sjálfur völlurinn er á ódeiliskipulögðu svæði en fyrir Kársnesskóla er gildandi deiliskipulag Kópavogsbrautar 58 samþykkt 2. nóvember 2000.

Í hugmyndaleit í Okkar Kópavogi 2016 komu fram fjölmargar hugmyndir og óskir varðandi framtíðarnýtingu Vallargerðisvallar. Fremur en að velja úr þeim hugmyndum ákvað stýrihópur verkefnisins að leggja til að efnt yrði til hugmyndasamkeppni um framtíð vallarins. Vinna við hugmyndasamkeppni hófst í kjölfarið með eftirfarandi atriði að leiðarljósi.

- Nýr Vallargerðisvöllur skal stuðla að eflingu mannlífs og útivistar á Kársnesi.
- Taka tillit til sögulegs gildis vallarins í hönnunarferlinu.
- Gera ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum.
- Skoða samspil vallarins við skólalóð Kársnesskóla og möguleikar á samnýtingu.



- Staðsetning hugsanlegrar viðbyggingar við Kársnesskóla.
- Tengingar við opin græn svæði á Kársnesi, Rútstún og Kópavogstún.
- Möguleikar vallarins sem samkomustaður á Kársnesi.

Í kjölfar ákvörðunar um niðurrif Kársnesskóla við Skólagerði og byggingu nýs skólahúsnæðis á þeirri lóð var tekin ákvörðun um að staðsetja tímabundið færanlegar kennslustofur á Vallargerðisvelli þar til nýr skóli við Skólagerði yrði tekinn í notkun. Vinna við undirbúning hugmyndasamkeppninnar var lögð til hliðar og áætlað að hún yrði tekin upp aftur að lokinni byggingu ný skóla.

Byggingarleyfi var veitt 2017 fyrir 10 færanlegum kennslustofum með mögulegum tengigangi og 2021 var veitt leyfi fyrir tveim viðbótarstofum.

Lagt er til að vinna við mótun framtíðarsýnar fyrir Vallargerðisvöll verði tekin upp aftur þegar þörf fyrir skólahúsnæði á vellinum verður ekki lengur til staðar. Þá er jafnframt lagt til að forsendur verði endurskoðaðar og metnar í samhengi við þær breytingar sem orðið hafa á þeim tíma sem liðinn er frá því að vinnan hófst. Í því samhengi er eðlilegt að endurmetið verði hvort halda eigi áfram með fyrirhugaða hugmyndasamkeppni eða velja mótun framtíðarsýnar annan farveg.